

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 102/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk áorðinna breytinga.

1. gr.

*Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2010, frá 12. júní 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

2. gr.

*Fylgiskjöl.*

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

*Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

*Lagastof.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 202/2008**

frá 4. mars 2008

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla<sup>(1)</sup>, einkum annari undirgrein 4. mgr. 28. gr., með hliðsjón af beiðni sem lögð var fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu 12. september 2007,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli er meginþáttur í öryggi matvælaferlis og neytendaverndar.
- 2) Reynslan leiðir í ljós að frá stofnun sérfræðinganefnarinnar hafa henni borist hartnær 50% af heildarfjölda þeirra verkefna sem send hafa verið til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Þrátt fyrir að fjöldi vísindalegra álitá sé samþykktur á hverju ári á sérfræðinganefndinni í erfiðleikum vegna vinnuálags.
- 3) Búið er við að fjöldi verkefna sem sérfræðinganefndinni berst aukist í framtíðinni með samþykkt nýrrar lódréttar löggjafar á sviði vítamíns og steinefna, sem bæt er í matvæli, og aukefna í matvælum, bragðefna og ensíms í matvælum.
- 4) Það er því nauðsynlegt að í stað þessarar sérfræðinganefnar komi tvær nýjar sérfræðinganefnir, annars vegar „sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bæt er við matvæli“ og hins vegar „sérfræðinganefnd um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu“.

- 5) Skipting ábyrgðar milli nýju sérfræðinganefnanna tveggja skal miðast við að tryggt sé að sérþekking hvorrar sérfræðinganefnar um sig svari til valdsviðs hennar og stuðli að auknu jafnvægi í starfi. Verklagsreglurnar sem gilda um vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og nefndir hennar skulu tryggja sveigjanlega samræmingu og samhæfðar aðferðir.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Fyrstu undirgrein í 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
 

„a) sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bæt er við matvæli.“
2. Eftirfarandi j-liður bætist við:
 

„j) sérfræðinganefnd um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu“,

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).